

4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið

<p>Pæmu</p> <ul style="list-style-type: none">• Umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreininir varðar árangursríka þátttöku skólans í nærsamfélaginu. Hann tekur á skilningi samfélagsins á starfi skólans og að hvaða marki einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir telja skólann og samfélagið starfa saman¹.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Aðilar í nærsamfélaginu eru virkir þátttakendur í skólastarfinu. Við vinnum með stofnunum og félagasamtökum í nærsamfélaginu (s.s. skólaskrifstofu, fjölskylduþjónustu og Rauða krossinum) að því að styðja nemendur og fjölskyldur þeirra, t.d. við að meta þarfir nemenda, auðga reynsluheim þeirra eða veita stuðning sem dregur úr hindrunum í námi. Einstaklingar, fjölskyldur og hópar í samfélaginu taka virkan þátt í starfi og viðburðum skólans sem og í ákvörðunum sem snerta samfélagið. <p>Samfélagið okkar og vinnuveitendur vitna um gæði þeirrar menntunar sem við bjóðum upp á. Þeir telja að sú menntun sem skólinn býður hafi aukið áhuga og þátttöku nemenda og fjölskyldna þeirra, einnig þeirra sem þurfa á sérúrræðum að halda. Samfélagið skynjar að við tökum mið af skoðunum þess og sjónarmiðum, s.s. í sambandi við orðstír skólans og hlutverk hans sem einnar af grunnstoðum samfélagsins og öxlum ábyrgð á að taka við umkvörtunum frá samfélaginu og stuðla þannig að virkri þátttöku þess í skólastarfinu. Samstarfsaðilar og stofnanir láta í ljósi að skólinn okkar eigi árangursríkt samstarf sem auðgar bæði okkar starf og þeirra.</p> <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Íbúar samfélags okkar taka ekki nægilega virkan þátt í skólastarfinu. Fulltrúar úr samfélaginu eru upplýstir um starfsemi skólans og þá þjónustu sem skólinn veitir en hafa ekki næg tækifæri til áhrifa á skólastarfið. Stuðningur okkar við stofnanir samfélagsins er mótsagnakenndur og þar skortir skýra stefnu. Skólinn kemur ekki til móts við þarfir samfélagsins og verkefni þess. Íbúar samfélagsins vitna um lítil áhrif þeirra á skólastarfið. Gaumur er ekki gefinn að væntingum íbúanna og ábendingum varðandi það hvernig skólinn geti náð auknum árangri og hvernig hægt er að ná fram aukinni þátttöku samfélagsins í skólastarfinu. Samstarfsaðilar skólans og stofnanir telja að skólinn gæti unnið markvissar með þeim.	

¹ Vísbendingar fást úr gögnum sem til eru, úr viðhorfakönnunum og spurningalistum, og með samræðum við fulltrúa samfélagsins, þá sem veita þjálfun, sjálfbæðastofnanir, vinnuveitendur, fyrirtæki og opinberar stofnanir.